

GLG-2017-03 Frisbígolfvöllur í Grímsey

Umsækjandi er Kiwanisklúbburinn Grímur í Grímsey. Frisbígolf nýtur sívaxandi vinsælda hér á landi og hafa Kiwanis félagar í Grímsey áhuga á því að útbúa nyrsta frisbígolfvöll á Íslandi. Hugmyndin er að fá sérfræðinga frá Fuzz til að koma og veita ráðgjöf við hönnun og gera tilboð til að hægt verði að koma hugmyndinni í framkvæmd sem fyrst. Tillagan er að hanna völlinn þannig að síðasta karfan verði yfir heimskautsbaug og með því má áætla að völlurinn komi til með að vekja áhuga hjá nýjum markhóp að koma og heimsækja eyjuna og kemur það þá til með að styrkja og efla ferðapjónustu í eyjunni. Völlurinn er ekki síður hugsaður fyrir heimamenn sem fellur vel að markmiði 2.16 um samheldið og þróttmikið samfélag. Einnig fellur allt verkefnið vel að starfsmarkmiði 3.2 um að sérstaða Grímseyjar verði betur nýtt til markaðssetningar. Sótt er um styrk fyrir hönnunar-, efnis- og ferðakostnaði.

Verkefninu var úthlutað 1.800.000 kr.- árið 2017.